

Nr. 10.  
22.  
október.

## Lög

um

### þingfarar kaup alþingismanna.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

#### 1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 8 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til alþingis og frá alþingi heim aftur.

Enn fremur skulu alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur fá 2 kr. aukabóknun daglega meðan þeir dvelja á þingstaðnum.

#### 2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sem hjer segir:

1. Úr Suður-Múlasýslu .....	kr. 180,00
2. — Norður-Múlasýslu .....	— 190,00
3. — Seyðisfirði .....	— 110,00
4. — Norður-Þingeyjarsýslu .....	— 170,00
5. — Suður-Þingeyjarsýslu .....	— 160,00
6. — Eyjafjarðarsýslu .....	— 130,00
7. — Akureyri .....	— 80,00
8. — Skagafjarðarsýslu .....	— 120,00
9. — Húnavatnssýslu .....	— 120,00
10. — Strandasýslu .....	— 120,00
11. — Norður-Ísafjarðarsýslu .....	— 80,00
12. — Ísafirði .....	— 50,00
13. — Vestur-Ísafjarðarsýslu .....	— 60,00
14. — Barðastrandarsýslu .....	— 70,00
15. — Snæfellsnessýslu .....	— 60,00
16. — Dalasýslu .....	— 60,00
17. — Mýrasýslu .....	— 50,00
18. — Borgarfjarðarsýslu .....	— 50,00
19. — Gullbringu- og Kjósarsýslu .....	— 20,00
20. — Árnessýslu .....	— 70,00
21. — Rangárvallasýslu .....	— 90,00
22. — Vestur-Skaftafellssýslu .....	— 190,00
23. — Austur-Skaftafellssýslu .....	— 340,00
24. — Vestmannaeyjum .....	— 20,00
25. — Danmörku .....	— 190,00

# Lov

om

Godtgørelse til Altingsmænd for Møde paa Altinget.

**Nr. 10.**  
22.  
Oktober.

**Vi Christian den Tiende**, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

## § 1.

Altingets Medlemmer erholde en Godtgørelse af 8 Kr. daglig saavel for den Tid, da de opholde sig paa Altinget, som for den Tid, der medgaar til Rejsen til og fra Altinget.

Endvidere erholde de udenfor Reykjavik bosatte Medlemmer af Altinget en yderligere Godtgørelse af 2 Kr. daglig, medens de opholde sig paa Tingstedet.

## § 2.

Rejseomkostninger godtgøres de udenfor Reykjavik bosatte Medlemmer af Altinget saaledes:

1. Fra Sønder-Mula Syssel.....	180 Kr.
2. — Norder-Mula Syssel.....	190 —
3. — Seydisfjord.....	110 —
4. — Norder-Thingö Syssel.....	170 —
5. — Sønder-Thingö Syssel.....	160 —
6. — Øfjord Syssel .....	130 —
7. — Akureyri.....	80 —
8. — Skagafjord Syssel .....	120 —
9. — Hunavatn Syssel .....	120 —
10. — Stranda Syssel.....	120 —
11. — Norder-Isafjord Syssel .....	80 —
12. — Isafjord.....	50 —
13. — Vester-Isafjord Syssel .....	60 —
14. — Bardastrand Syssel .....	70 —
15. — Snæfellsnes Syssel .....	60 —
16. — Dala Syssel.....	60 —
17. — Myra Syssel.....	50 —
18. — Borgarfjord Syssel .....	50 —
19. — Gullbringa og Kjósar Syssel.....	20 —
20. — Arnes Syssel .....	70 —
21. — Rangarvalla Syssel.....	90 —
22. — Vester-Skaptafell Syssel .....	190 —
23. — Øster-Skaptafell Syssel .....	340 —
24. — Vestmannöerne.....	20 —
25. — Danmark.....	190 —

Nr. 10.  
22.  
október.

3. gr.

Nú verður tálmi á þingför alþingismanns af ís, slysum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og á hann rjett til endurgjalds á þeim kostnaði, er þar af leiðir.

4. gr.

Sameinað alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsríkninga alþingis-  
manna, en forseti í hlutaðeigandi deild ávísar upphæðunum.

5. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr landssjóði.

6. gr.

Með lögum þessum er 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr  
gildi feld.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. október 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

*Christian R.*

(L. S.)

---

*H. Hafstein.*

## § 3.

Forhindres en Altingsmands Rejse til Tinget af Is, Ulykke eller andre uafvendelige Omstændigheder, er han berettiget til Godtgørelse for de deraf flydende Omkostninger.

## § 4.

Det forenede Alting nedsætter et Udvalg, der deciderer Altingsmændenes Regninger for Thingsrejseomkostningerne, hvorpaa de deciderede Beløb anvises til Udbetaling af vedkommende Afdelings Formand.

## § 5.

Udgifter ifølge denne Lov udredes af Landskassen.

## § 6.

Ved denne Lov er § 37 i Lov 14. September 1877 om Valgene til Altinget ophævet.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22. Oktober 1912.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

---

***H. Hafstein.***

**Islands Ministerium, den 22. Oktober 1912.**

***H. Hafstein.***

---

*Jon Krabbe.*